

Ed.

175. Frumvarp til laga

[83. mál]

um heimild til stöðvunar atvinnurekstrar vegna vanskila opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Þar sem í lögum er mælt fyrir um skyldu kaupgreiðanda til þess að halda eftir opinberum gjöldum af launum starfsmanna og settur er ákveðinn frestur til skila, má innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur kaupgreiðanda, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, skrifstofur, útsölur tæki og vörur undir innsigli. Eigi skal heimilt að beita þessum ákvæðum fyrr en liðinn er mánuður frá lokum skilafrests.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt eindreginni ósk Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Eftir gildandi reglum ábyrgist kaupgreiðandi sem geymslufé þá fjárhæð, sem hann hefur haldið eftir af launum starfsmanns til greiðslu opinberra gjalda hans og fylgir lögtaksréttur hjá kaupgreiðanda til tryggingar greiðslu þess fjár. Hafi kaupgreiðandi eigi skilað fénu innan tiltekins frests, en freistast til að nota það sem eigið rekstrarfé, hefur hann gerzt sekur um auðgunarbrot samkv. ákvæðum hegningarlaga. Engu að síður eru veruleg brögð að því, að kaupgreiðendur draga að gera skil á opinberum gjöldum starfsmanna sinna og þótt lögtaksinnheimtu sé beitt, þá reynist hún seinvirk og hafa þannig þeir kaupgreiðendur, sem telja sér hag að því, getað notað opinbert fé til eigin reksturs um alllangan tíma. Þegar þannig stendur á þykir því rétt að heimila innheimtumönnum opinberra gjalda að láta lögregluna stöðva atvinnurekstur kaupgreiðanda unz full skil hafa verið gerð og eru ákvæði frumvarpsins að þessu leyti samhljóða gildandi ákvæðum 12. gr. laga um söluskatt nr. 10 frá 22. marz 1960. Á það skal bent, að eigi er gert ráð fyrir heimild til stöðvunar fyrr en vanskilin teljast veruleg, þannig að liðinn er mánuður frá lokum skilafrests.